

Ed.

358. Tillaga

til þingsályktunar um póstflutning í Skaftafellssýslum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta nú í ár gera ítarlegar tilraunir til að koma pósti í vatnsheldu hylki milli lands og skips á heppilegasta stað í Mýrdal, og í öðru lagi nálægt Hornafirði. Nauðsynlegt fje heimilast.

Greinargerð.

Með því að skipaferðir aukast mjög meðfram suðurströndinni væri æskilegt, að hægt væri að koma pósti í land og úr landi í skip sem allra oftast á einum stað í hvorri Skaftafellssýslu. Myndi það bæta úr hinni löngu einangran hjeradsbúa, sjerstaklega að vetrinum til. Sumir kunnugir menn álita, að mjög ódýrt geti verið að koma pósti þannig gegnum brimið í eggлага, vatnsheldu hylki, dregnu á streng milli skips og lands.